



Selfossi, 16. september 2008

**Aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs.
haldinn 16. september 2008, kl. 13:00 á Hótel Selfossi**

Mætt:

Sigurður Jónsson Skeið og Gnúpverjahreppi, Elvar Eyvindarson Sorpstöð Rangárvallasýslu, Þorgils Torfi Jónsson Sorpstöð Rangárvallasýslu, Jón G. Valgeirsson Grímsnes og Grafningshreppi, Ingvar G. Ingvarsson Grímsnes og Grafningshreppi, Margeir Ingólfsson Bláskógabyggð, Valtýr Valtýsson Bláskógabyggð, Ísólfur Gylfi Pálmason Hrunamannahreppi, Örn Þórðarson Rangárþing Ytra, Margrét Sigurðardóttir Flóahreppi, Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerði, Ólafur Áki Ragnarsson sveitarfélaginu Ölfus, Ragnheiður Hergeirsdóttir Árborg og Guðmundur Tryggvi Ólafsson Sorpstöð Suðurlands.

Stjórnarformaður Ragnheiður Hergeirsdóttir setti fund kl 13:00, að tillögu hennar var Guðmundur Tryggvi skipaður fundarritari. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Tillaga um kaup á viðbótarhlutafé í Förgun ehf

Ragnheiður Hergeirsdóttir skýrði frá málefnum Kjötmjölsverksmiðjunar, rakti þær umræður sem verið hafa í stjórn Sorpstöðvar um málið og lagði því næst fram eftirfarandi tillögu frá stjórninni:

“Félagsfundur samþykkir að veita stjórn heimild til að ganga frá kaupum á 6 milljón króna viðbótarhlutafé í Förgun ehf. Aukið hlutafé verður tekið af eiginfé Sorpstöðvar Suðurlands bs.”

Guðmundur Tryggvi gerði grein fyrir þriggja ára fjárhagsáætlun verksmiðjunar sem samþykkt var á aðalfundi Förgunar í júní s.l. Guðmundur svaraði jafnframt þeim spurningum sem fram komu.

Gengið var til atkvæðagreiðslu og var framlögð tillaga samþykkt með 9 af 9 atkvæðum. Margrét Sigurðardóttir Flóahreppi samþykkti tillöguna með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Flóahrepps.

Formaður þakkaði góðan fund og málefnalegar umræður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:00